



Hestamannafélagið Glaður

Stjórnarfundur 4. október 2006

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Glaðs haldinn á Stóra-Vatnshorni 4. október 2006.

Mættir: Eyþór, Viðar, Erling, Svala, Valberg og Þórður.

1. Reiðhúsastyrkir
Glað hefur verið úthlutað kr. 5 millj. til byggingar reiðskála en félagið þarf að svara því fyrir 1. desember hvort það þiggi styrkinn. Samþykkt að senda bréf þar sem félagið ítrekar áform sín um byggingu reiðhallar.
2. Útför heiðursfélaga
Eyjólfur Jónsson á Sámsstöðum er látinn og verður jarðsunginn frá Hjarðarholtskirkju 7. október n.k. Formaður skipuleggur heiðursvörð Glaðs við útförina.
3. Árshátíðin
Árshátíð félagsins verður haldinn 14. október og undirbúningur stendur yfir.
4. Knapi ársins
Farið var yfir úrslit móta og knapi ársins valinn: Skjöldur Orri Skjaldarson. Valið verður tilkynnt á árshátíð.

Margt fleira rætt en ekki bókað,

Svala Svavarsdóttir (sign)

Erling Kristinsson (sign)

Eyþór J. Gíslason (sign)

Viðar Þór Ólafsson (sign)

Valberg Sigfússon (sign)

Þórður Ingólfsson (sign)